

Skýrsla stjórnar Foreldrafélags Akurskóla

Aðalfundur 20. maí 2009

Komið sæl kærur fundarmenn. Það hefur margt og mikið á daga stjórnar foreldrafélgs Akurskóla drifið þetta skólaár og óvenju mikið að gera. Kemur þar til þetta undarlega ástand sem er í þjóðfélaginu um þessar mundir og sjáum við ekki fram á að það breytist næsta skólaár. Ég mun reyna að vera eins stuttur og ég get og stikla á því helsta sem gert hefur verið í vetur.

Á síðasta aðalafundi var ákveðið að reyna að virkja foreldra og bekkjarfulltrúa í hverjum bekk betur en gert hefur verið. Það tókst vel til að fá foreldra til að gefa sig fram sem bekkjafulltrúa á skólasetningu skólans síðastliðið haust og hafa flestir foreldrar og nemendur hist með reglulegu og óreglulegu millibili og gert eitthvað skemmtilegt saman. Það er ekki síst mikilvægt í erfiðu árferði eins og nú er að foreldrar kynnist og ráði ráðum sínum, fylgist vel með skólastarfinu, samskiptum barna sinna og reyni að efla þeirra hag. Við megum ekki gleyma að foreldrar geta haft heilmikil áhrif og verið þrýstihópur á yfirvöld eins og dæmin sanna.

Síðastliði haust fóru til dæmis af stað mikil mótmæli vegna framkvæmda við Hákotstanga þar sem foreldrar í Akurskóla tóku höndum saman og mótmæltu fyrirhugaðri byggð þar. Foreldrar höfðu áhyggjur af aukinni bílaumferð sem hefði síðan áhrif á öryggi barna okkar í Akurskóla. Sem betur fer og meðal annars fyrir samtakamátt foreldra verður ekki af fyrirhugðum framkvæmdum við Hákotstanga.

Einnig tóku foreldrar bæjarins höndum saman þegar ljóst var að mikill sparnaður væri framundan í grunnskólum bæjarins og draga átti úr forfallakennslu. Foreldrar komu þeirri hugmynd á framfæri í gegnum Félag foreldra í grunnskólum Reykjanesbæjar, FFGÍR, að foreldrar kæmu inn í forföllum kennara. Ekki stóð til að taka að sér kennslu heldur miðla því sem þeir hefðu fram að færa enda fólk með margvíslega reynslu í lífi og starfi. Fræðsluráð bæjarins samþykkti reyndar ekki þessa hugmynd, en ég trúi að meðal annars vegna þrýstings foreldra fundu skólarnir aðrar leiðir til sparnaðar. Akurskóli brást við sparnaðarvandanum með því að sameina bekkjadeildir unglingastigs úr þremur í tvær með tvo kennara í stað þriggja. Þriðji kennarinn tók þá að sér forfallakennslu á unglingastigi eða yngri stigum eftir því hver þörfin var. Rétt er þó að taka fram að yngri nemendur eru aldrei sendir heim heldur eru þeir settir í verkefni t.d. á bókasafni eða í aðra afþreyingu.

Og þar sem ég er byrjuð að tala um Félag foreldra í grunnskólum Reykjanesbæjar, FFGÍR, vil ég minnst á opinn fund sem bar yfirskriftina *Börn í Reykjanesbæ*, en hann var haldinn í Virkjum á Vallarheiði um miðjan mars. Mikill tími stjórnar Foreldrafélags Akurskóla fór í að undirbúa þennan metnaðarfulla fund og fór mæting fram úr björtustu vonum. Fulltrúar frá bænum mættu til að svara fyrirspurnum foreldra meðal annars um menntamál, tómstundir, dagvistunarmál og fleira auk þess sem Árelía Eydís og Gylfi Jón Gylfason fluttu áhugaverð erindi. Einnig mættu ýmis félagasamtök frá Reykjanesbæ til að kynna starfsemi sína eins og KFUM og K, Lundur, Rauði krossinn, kirkjan og íþróttafélögin svo einhverjir séu nefndir.

En starf Foreldrafélag Akurskóla snérist ekki aðeins um mótmæli og opna fundi. Hið hefðbundna starf gekk líka sinn vana gang á þessu skólaári. Í desember var skellt í laufabrauðsútskurð og steikingu. Venjan hefur verið að foreldrar og nemendur komi saman fyrir jól og föndri en kreppan gerði það að verkum að efni til föndurgerðar hækkaði upp úr öllu valdi. Því var ákveðið að skera úr og steikja laufabrauð saman og tókst það mjög vel. Það gerði alla vega mikla lukku hjá mínum börnum að geta boðið upp á heimabakað laufabrauð með mjög persónulegu munstri. 7. bekkur sá um að selja kaffi og með því, til að laufabrauðið færi ekki strax ofan í svanga maga. Með kaffisölunni safnaði 7. bekkur peningum upp í Reykjaferðina sína sem farin var nú á vordögum.

Og talandi um peningasöfnun. Vegna títtnefndrar kreppu ákvað stjórn FFA að fresta öllum fyrirlestrum og uppákomum sem keyptar hafa verið undanfarin ár fyrir foreldra og nemendur en þess í stað að styrkja ferðir nemenda eins og Reykjaferð 7. bekkjar, ferð 4. og 5. bekkjar í Alviðru o.s.v.frv. Við vitum að skóinn á enn eftir að kreppa á næsta skólaári og því ákvaðum við í stjórninni að fara ekki að fordæmi bankanna og eyða öllu fyrirfram heldur sitja aðeins á peningunum til að eiga einhvern varasjóð fyrir nemendur. Þessar ferðir eru afar mikilvægar fyrir nemendur og því viljum við ekki að þær leggist af. Ég vil þó segja líka að nemendur hafa verið mjög duglegir að selja ýmsan varning til að fjármagna ferðirnar sjálfir og á mörgum heimilum er til nóg af fiski og klósettpappír. Dugnarðarfórkur þessi börn okkar.

Í nóvember síðast liðinn hélt foreldrafélagið flóamarkað. Foreldrar tóku ærlega til í skápum sínum og komu með föt og skó í skólann sem stjórnarkonur settu upp og markaðurinn var opinn yfir eina helgi í byrjun desember. Mæltist þessi hugmynd vel fyrir en allur ágóði rann í sérstakan sjóð nemenda í umsjón stjórnar FFA.

Fréttabréf FFA kom út í lok nóvember þar sem ýmsum upplýsingum var komið á framfæri til foreldra og forráðamanna. Ákveðið var að gefa ekki út fréttabréf nú á vorönn en þess í stað að gefa það út í byrjun hausts með góðum upplýsingum fyrir foreldra í byrjun skólaárs.

Páskabingóið var haldið að venju nú fyrir páska. Mæting var mjög góð og allir skemmtu sér konunglega yfir spennandi tölum enda mikilvægir vinningar í boði, páskaegg og aftur páskaegg.

Þær breytingar hafa orðið núna í skólastarfi landsins með nýjum grunnskólalögum að foreldraráð hefur verið lagt niður en þess í stað stofnað skólaráð sem samanstendur af tveimur fulltrúum kennara, einum fulltrúa annars starfsfólks skóla, tveimur fulltrúum nemenda, tveimur fulltrúum foreldra, einum fulltrúa úr grenndarsamfélagi og síðan skólastjóra. Þetta ráð hefur nú þegar tekið til starfa. Kristjana Guðlaugsdóttir og Hulda Klara Hjaltadóttir, sem báðar eiga sæti í stjórn FFA, sitja í ráðinu fyrir hönd foreldra og Magnús Valur Pálsson sem er foreldri í skólanum kemur úr grenndarsamfélaginu. En þrátt fyrir þessar breytingar ákvaðu foreldrar að halda enn í foreldraráðið en í breyttu formi þó, það er að segja að breyta því í svokallað fagrað sem verður hluti að FFA. Jana mun koma betur að því á eftir þegar hún kynnir breyttar áherslur í starfi FFA.

Og talandi um breyttar áherslur í starfi FFA. Við í stjórninni höfum mikið talað um á okkar fundum í vetur hversu mikilvægt er að sem flestir foreldrar í skólanum séu virkir í félaginu og trúum því að því virkari sem foreldrar eru því ánægðari verða börnin okkar og því betra og virkara samtarf foreldra og barna í bekkjum því betri skóli. Þess vegna teljum við nauðsynlegt

að breyta áherslum í félaginu til að athuga hvort að ekki megi ná fram betri virkni foreldra. Ég ætla ekki að fara nánar út í það núna þar sem Kristjana mun kynna þær áherslur nánar hér á eftir.

Svona í lokin vil ég síðan minnst á það að verið er að uppfæra handbók foreldra og mun hún koma á netið núna í vor en það var þörf á að einfalda hana og betrumbæta. Og síðan alveg í lokin vil ég segja frá því að Foreldrafélag Akurskóla er komið með sitt eigið logo eða merki sem þið sjáið hér á skjánum en það var Magnús Valur Pálsson sem hannaði það og gaf félaginu og á þökkum við honum vel fyrir það.

Ég vil þakka foreldrum, forráðamönnum, bekkjarfulltrúum, starfsfólki skólans og stjórn fyrir gott og gefandi samstarf í vetur og hlakka til enn betra samstarfs á næsta skólaári. Takk fyrir.